



FUNDAGERÐ SKIPULAGS- OG BYGGINGARNEFNDAR

Fimmtudaginn 19. maí 2011, kl. 16⁰⁰, var fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Skagastrandar. Á fundinn voru mættir: Vilhelm Harðarson, Svenný H. Hallbjörnsdóttir, Magnús B. Jónsson, Björn Hallbjörnsson, Ari Jón Þórsson, Ingvar Gýgjar Sigurðarson og Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Deiliskipulag Hólaness

Fyrir fundinum lá tillaga að skipulagsuppdrætti og greinargerð deiliskipulagsins með áorðnum breytingum eftir umfjöllun á vinnufundi sveitarstjórnar og skipulagsnefndar 5. maí sl.

Skipulagsnefnd fór yfir fyrirbyggjandi gögn og gerði að tillögu sinni að þær breytingar verði gerðar á fyrirbyggjandi drögum að lóð Oddagötu verði sækkuð að Fjörubraut og skilgreindur verði byggingarreitir fyrir Hjallholt. Skipulagsnefnd samþykkti að framlögð tillaga verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísaði málinu til afgreiðslu sveitarstjórnar.

2. Til kynningar af byggingarfulltrúa.

Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi kynnti eftirfarandi mál sem hann hafði fengið til afgreiðslu:

a. Oddagata 6; byggingarleyfi fyrir spákonuhof.

Stefán Örn Stefánsson, arkitekt fyrir hönd Menningarfélagsins Spákonuarfs sækir um byggingarleyfi fyrir Spákonuhofi, sýningarsal, endurgerð innréttinga og bygging dyraskýlis framan við húsið skv. meðfylgjandi teikningum. Fram kom að notkun hússins verði breytt í sýningarsal fyrir gesti og ferðamenn.

Afgreitt af byggingarfulltrúa með tilliti til framlagðra teikninga og skoðunar á eigninni. Fram kom að slökkviliðsstjóri hafi gert úttekt á eigninni og ekki gert athugasemdir við að klæðningar séu í flokki 2 um brunapól á þeirri forsendu að brunaviðvörðunarkerfi verði sett upp og rýmingarleiðir verði greiðar.

b. Ránarbraut 14;

Húseigendur, Inga Rós Sævarsdóttir og Tryggvi Hlynsson sækja um leyfi til

breytinga á útliti glugga og hurða,

Í afgreiðsluferli hjá byggingarfulltrúa

Sótt um leyfi fyrir skjólveggjum skv. yfirlitsmynd

Í afgreiðsluferli hjá byggingarfulltrúa.

c. Félagsheimilið Fellsborg, leyfi til breytinga á skipulagi á neðri hæð.

Sveitarstjóri óskar samþykkis á breytingu neðri hæðar þar sem rými verði sameinuð skv. fyrirbyggjandi teikningu Ágúst Hafsteinssonar arkitekts.

Byggingarfulltrúi gerði þá athugasemd gera þurfi grein fyrir eldvörnum og rýmingarleiðum. Fram kom að aðgengi og flóttaleiðir verði ekki fullnægjandi fyrir en áfangi 2 í framkvæmdinni verði tekinn.

d. Túnbraut 5, leyfi til breytinga á útliti hússins.

Sveitarstjóri óskar heimildar til breytinga á gluggum með annarri gerð gluggapósta og breytingu á svalahandriðum og handriðum á útitröppum.

Erindið samþykkt af byggingarfulltrúa.

e. Bankastræti 6, heimild til að setja hurð á austurhlíð.

Húseigandi, Ágúst F. Jónsson óskar heimildar til að breyta útliti húss síns þannig að úrtaki á austurvegg hússins sem hefur verið ætlað fyrir ruslageymslu verði breytt þannig að þar komi inngangshurð í bílskúrinn.



Erindið samþykkt af byggingarfulltrúa.

3. Staðfesting lóðamarka:

Ingvar Gýgjar kynnti tillögur að lóðamörkum nokkurra eigna sem hann hefur verið að yfirfara með það að markmiði að endurnýja eða endurgera lóðasamninga. Nefndin yfirför fyrirleggjandi gögn og fékk skýringar á forsendum lóðamarka en staðfesti síðan eftirfarandi lóðamörk samkvæmt fyrirleggjandi drögum að lóðablöðum:

- | | |
|--------------------------------------|-----------------------------------|
| a. <i>Spennistöð-Einbúastígur 4</i> | k. <i>Norðurbrautar 5</i> |
| b. <i>Spennistöð við Norðurbraut</i> | l. <i>Oddagötu 22</i> |
| c. <i>Spennistöð við Vetrarbraut</i> | m. <i>Strandgötu 4 (Vík)</i> |
| d. <i>Bankastrætis 6</i> | n. <i>Strandgötu 6 (Höfðatún)</i> |
| e. <i>Bankastrætis 12</i> | o. <i>Strandgötu 8</i> |
| f. <i>Bankastrætis 14</i> | p. <i>Strandgötu 10</i> |
| g. <i>Hafnarlóðar 3</i> | q. <i>Vallabrautar 4</i> |
| h. <i>Hafnarlóðar 5</i> | r. <i>Ægisgrundar 2-12</i> |
| i. <i>Hafnarlóðar 6</i> | s. <i>Oddagötu 5</i> |
| j. <i>Hafnarlóðar 9</i> | |

4. Verkferlar vegna þvingunarúrræða byggingarreglugerðar

Fyrir fundinum lá tillaga að verkferlum um beitingu þvingunarúrræða byggingarreglugerðar 441/1998. Með verkferlunum er mótað vinnuferli við áskorun um úrbætur á eignum og þvingunarúrræði ef ekki er við brugðið. Verkferlarnir voru ræddir og skýrðir og kom fram ábending um lengingu á fresti eftir fyrsta áskorunarbréf en að öðru leyti voru ekki gerðar athugasemdir og voru verkferlarnir staðfestir.

5. Fundargerð vinnufundar 5. maí 2011.

Fyrir fundinum lá fundargerð sameiginlegs vinnufundar sveitarstjórnar og skipulagsnefndar 5. maí 2011. Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við hana.

6. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 18³⁰

Vilhelm Harðarson,

Svenný H. Hallbjörnsdóttir,

Magnús B. Jónsson,

Björn Hallbjörnsson,

Ari Jón Þórsson,

Ingvar Gýgjar Sigurðarson

Bragi Þór Haraldsson,